

1,3 milljónir á bílaleigubílum

● Erlendir gestir óku 660 milljón km á bílaleigubílum 2018 ● 10,6 milljarðar í eldsneytiskostnað

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is


Sífelld fleiri erlendir ferðamenn nýta sér bílaleigubíla á ferðum um landið og er nú áætlað að í fyrra hafi um 1,3 milljónir ferðamanna nýtt sér bílaleigubíla hér á landi samanborið við um 960 þúsund árið 2016. Ætla má að 7,2 sinnum fleiri ferðamenn hafi nýtt sér bílaleigubíla á síðasta ári en á árinu 2010. Þeir erlendu gestir sem notuðu bílaleigubíla í fyrra óku að meðaltali um 1.562 kílómetra þann tíma sem þeir leigðu bílana.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í ágrípi að skýrslu fyrirtækisins Rannsóknir & ráðgjöf ferðabjónustunnar (RRF) um erlenda ferðamenn og hringveginn 2010-2018, sem birt er á vefsíðu Vegagerðarinnar. Um er að ræða ítarlega greinargerð með miklu magni upplýsinga um erlenda ferðamenn á hringveginum og notkun þeirra á bílaleigubílum o.fl., sem er m.a. byggð á svonefndri Dear visitors-könnun RRF meðal ferðamanna.

Fram kemur að um 60% erlendra gesta nýttu sér bílaleigubíla í Íslandsheimsóknunum á árinu 2018 og er áætlað að þeir hafi ekið þeim alls um 660 milljónir kílómetra á Íslandi á því ári. Það samsvarar meðalakstri um 56 þúsund heimilisbíla á Íslandi miðað við 12 þúsund km akstur á ári. „Í lok árs 2018 voru um 252 þúsund skráðir fólksbílur á landinu í eigu Íslendinga eða um 0,72 bílar á hvern íbúa. Samkvæmt þessu má áætla akstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árið 2018 um 22% af öllum einkaakstri Íslendinga það ár. Ef miðað er við 8 lítra meðaleyðslu bílanna á hverja 100 km og eldsneytisverð að jafnaði 200 kr. á lítra má lauslega slá á að eldsneytisútgjöld erlendra ferðamanna vegna aksturs á bílaleigubílum á Íslandi árið 2018 hafi numið um 10,6 milljörðum króna. Þar af fer yfir helmingur til ríkisins,“ segir m.a. í kafla þar sem niðurstöður eru dregnar saman.

Erlendir ferðamenn á bílaleigubílum

Áætlaður fjöldi erlendra ferðamenn á bílaleigubílum 2010-2018




1,3 milljónir ferðamanna leigðu bílaleigubíla árið 2018

252.000 fólksbílur voru skráðir á landinu í árslok 2018

10,6 milljarðar króna voru eldsneytisútgjöld erlendra ferðamanna vegna aksturs á bílaleigubílum á Íslandi árið 2018 ef miðað er við 8 lítra meðaleyðslu á hverja 100 km og eldsneytisverð að jafnaði 200 kr. á lítra

Þar af fer yfir helmingur til ríkisins

Meðalakstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum árið 2018



22% af öllum akstri fólksbíla á landinu árið 2018 má áætla að sé akstur erlendra ferðamanna á bílaleigubílum

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðabjónustunnar ehf.

Til samanburðar er áætlað að erlendir ferðamenn hafi ekið bílaleigubílum um 100 milljónir km á árinu 2010. Því megi setla að álag bílaleigubíla á vegakerfið, þar sem erlendir ferðamenn voru við stýrið, hafi verið um 6,6-falt meira í fyrra en á árinu 2010.

Þegar lítið er á þjóðerni erlendra ferðamanna má sjá að gestir frá Norður-Ameríku óku mest á bílaleigubílum hér á landi í fyrra eða um 201 milljón km sem er um 30% af heildinni.

Í könnunum fyrirtækisins var m.a.

spurt um hringveginn og sögðust þá 68% svarenda sem hér voru í fyrrasumar hafa haft vitneskju um hringveginn áður en þeir komu til landsins. „32% ferðamanna sumarið 2018 og 16% utan sumars (sept.-des.) fóru allan hringinn. Karlar fóru hringinn heldur meira en konur og yngri fólk frekar en það eldra. Ferðamenn frá Suður-Evrópu fóru helst allan hringveginn en síst ferðamenn frá Bretlandi og Norðurlöndunum. Ferðamenn á bílaleigubílum voru um fjórfalt líklegri til að fara hringinn en ferðamenn sem nýttu sér hóp-

ferðabíla og fimm sinnum líklegri en þeir sem notuðu áætlunarbíla,“ segir í greinargerðinni.

Þá má gera ráð fyrir því skv. úttektinni að 450 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið allan hringveginn á seinasta ári eða um 21% allra erlendra gesta sem komu til landsins. Þar af fóru 252 þúsund hringinn yfir sumarmánuðina þrjá.

„Sumargestir árið 2018 gáfu hringveginum meðaleinkunnina 8,2 en ferðamenn utan sumars 8,75. Verður það að teljast góð einkunn og því líklegt að hringferðin hafi í flestum til-

vikum staðið undir væntingum,“ segir einnig í greinargerðinni.

Könnuð var umferðin á einstökum stöðum hringvegarinnar og kom þá m.a. í ljós að ætla má að árdagsumferð bílaleigubíla erlendra ferðamanna við Hafnarfjall hafi aukist 5,6-falt eða um 460% frá 2010 til 2018. Árdagsumferð bílaleigubíla á hringveginum í Ljósavattnsskarði jókst 5,6-falt á þessu árabili og áætlað er að árdagsumferð erlendra bílaleigubíla á hringveginum við Lómagnúp hafi aukist 8,7-falt (um 770%) frá 2010 til 2018.